

Um sjóðinn

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins (NSA) er áhættufjárfestir sem tekur virkan þátt í þróun og vexti atvinnulífsins með því að fjárfesta í vænlegum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum. Sjóðurinn var settur á laggirnar 1. janúar 1998 samhliða sameiningu Iðnlánasjóðs, Iðnþróunarsjóðs og Fiskveiðasjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Stofnframlag Nýsköpunarsjóðs var 4.000 milljónir króna. Nýsköpunarsjóður er lokaður áhættufjárfestingarsjóður og er ekki á fjárlögum.

Í ljósi uppruna fjármagns Nýsköpunarsjóðs frá atvinnulífinu hefur meirihluti fimm manna stjórnar frá upphafi verið skipaður fulltrúum hagsmunasamtaka atvinnulífsins: sjárvarútvegsins, iðnaðarins og verkalyðshreyfingarinnar auk þess sem sjárútvegsráðherra hefur tilnefnt einn fulltrúa og iðnaðarráðherra annan. Varastjórn er skipuð með sama hætti.

Um sjóðinn gilda lög nr. 61/1997 og þar segir um hlutverk sjóðsins: „Hlutverk Nýsköpunarsjóðs er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingarverkefnum á sviði nýsköpunar og styðja við þróunar- og kynningarverkefni. Í þessu skyni er sjóðnum heimilt að leggja fram hlutafé eða veita lán, ábyrgðir eða styrki. Þá starfrækir sjóðurinn tryggingardeild útflutnings”

Hlutverk opinbers fjármagns í fjárfestingum

Reynsla annarra þjóða hefur sýnt að einkaaðilar eru hverfulir gerendur framarlega í fjárfestingaferlinu og sama mynd blasir við hérlendis. Þetta helgast af því að mikil áhætta er samfara því að fjárfesta í ungum sprota- og vaxtarfyrirtækjum og ekki liggur alltaf fyrir með hvaða hætti hægt verður að selja fjárfestinguna aftur með hagnaði. Opinbert fé hefur reynst nauðsynlegt við að hrinda úr vör nýsköpunarfyrirtækjum og brúa bilið þar sem vöntun er á einkafjármagni.

Nýsköpunarsjóður starfar skv. bandarísku leiðinni við að stuðla að nýsköpun og fjárfestingu í fyrirtækjum. Bandaríska leiðin endurspeglast í því að keypt er hlutafé í áhugaverðum og arðvænlegum nýsköpunarverkefnum og þegar markaðurinn fær áhuga á viðkomandi fyrirtæki er eignarhluturinn seldur. Einnig beina opinberir bandarískir sjóðir sjónum sínum að því að finna nýtt fjármagn til fjárfestinga með aðgerðum sem stuðla að stofnun framtakssjóða eða svo kallaðra sjóðasjóða (fund of funds).

Í Bandaríkjunum hefur þessi leið gefist mjög vel og hafa nokkur fyrirtæki sem byrjuðu sem veikburða sprotar studdir áfram af opinberum dollurum orðið að stórfyrirtækjum en þar má nefna Apple Computer, Federal Express, Intel, Nike, Sun Microsystems o.fl. Staðan í grósku nýsköpunar í Bandaríkjunum staðfestir að beinar fjárfestingar í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum gefur mesta arðsemi til lengri tíma lítið en þar hefur þessi aðferð við eflingu nýsköpunar og atvinnulífs verið þróuð í tæplega 60 ár. Flest ríki Evrópu hafa valið að fara svipaðar leiðir til eflingar nýsköpunar- og sprotafyrirtækja í sínum löndum og má nefna að í Danmörku sér Vækstfonden um hlutverk hins opinbera, í Svíþjóð er það Industry Fonden og í Finnlandi SITRA.

Áhættufjárfestingar eins og Nýsköpunarsjóður stundar eru afar áhættusamar og það tekur langan tíma að innleysa hagnað af fjárfestingum sjóðsins en töpin skila sér miklu hraðar í formi gjaldþrota fyrirtækja og því að fyrirtæki ná ekki að vaxa eða ná ekki áætlunum sínum. Það er algengt og viðurkennt erlendis að fjárfestingar í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum geti orðið seljanlegar eftir 8-12 ár. Því er ljóst að Nýsköpunarsjóður sem var stofnaður fyrir 6 árum er ennþá mjög ungur að árum og í raun eru áhættufjárfestingar á Íslandi enn að slíta barnsskónum.

Starfsumhverfi sjóðsins

Nýsköpunarsjóður var stofnaður áður en bylga fór af stað og margir aðilar beindu sjónum sínum að fjármagni til fjárfestinga í nýsköpunar- og srotafyrirtækjum. Fljótlega eftir að sjóðurinn tók til starfa fóru meðal annarra eftirtaldir aðilar að fjárfesta í nýsköpunar- og srotafyrirtækjum: Eignarhaldsfélagið Alþýðubankinn (EFA), Íslenski hugbúnaðarsjóðurinn (ISHUG) sem Landsbankinn stofnaði og rak í upphafi, MP-BIO (nú Líftækni sjóðurinn), Talenta hátækni sem Fjárfestingabanki atvinnulífsins (FBA) stofnaði og rak, Talenta líftækni sömuleiðis stofnað og rekið af FBA, Uppspretta sem Kaupþing hf stofnaði og rekur, Landsbankinn framtak, Aflvaki og 3-P fjárhús. Einnig voru nokkur fyrirtæki öflug í fjárfestingum svo sem Orkuveita Reykjavíkur, Opin kerfi hf, Teymi hf, Burðarás/ Frumkvöðull ehf og Síminn hf. Hér er ekki um tæmandi upptalningu að ræða en gefur glögga mynd af þeirri grósku sem einkenndi þennan markað á fyrstu árum NSA.

Miklar sviptingar urðu á markaði með fjárfestingafélög árin 2002-2003. Talentasjóðirnir runnu inn í ISHUG og í framhaldi af því runnu EFA og ISHUG inn í Straum. Opin kerfi hf, Teymi hf og Síminn hf hættu fjárfestingum í ungum og óþroskuðum nýsköpunar- og srotafyrirtækjum (eignasafn Símans hf rann inn í ISHUG), Burðarás hvarf eingöngu að fjárfestingum í stærri félögum og oftast skráðum félögum og nú síðast stefnir félagið að fjárfestingum erlendis. Nýsköpunarsjóður keypti allar srotafjárfestingar Aflvaka árið 2002.

Í dag standa eftir sem leikendur á fjárfestingamarkaði fyrir Nýsköpunar- og srotafyrirtæki úr þessum hópi; Uppspretta, Líftækni sjóðurinn og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins. Einnig er rétt að geta þess að eignir Eignarhaldsfélags Alþýðubankans, og Íslenska hugbúnaðarsjóðsins sem runnu við sameiningar inn í Straum eru þar í sérstöku félagi; Brú fjárfestingar. Enginn þessara aðila sinnir nýfjárfestingum í dag en flestir gera það sem í þeirra valdi stendur til að fylgja eftir vexti fyrirtækja í núverandi eignasafni. Það er því staðfest fjárfestingargat á markaði ungra íslenskra nýsköpunar- og srotafyrirtækja og enginn aðili líklegur til að taka frumkvæði að því að hefja fjárfestingar þar í bráð verði Nýsköpunarsjóður ekki eflur.

Nýsköpunarsjóður færir virði eigna sinna með íhaldssömum hætti sem lýsir sér í því að nái félög ekki rekstraráætlun er fjárfestingin strax skrifuð niður og búinn til myndarlegur afskriftarreikningur til að mæta framtíðartöpum en á móti eru eignir ekki færðar upp fyrir kaupverð fyrir en við sölu sem staðfestir eignaaukningu. Þetta gerir það að verkum að ávöxtun sjóðsins á lausu fé þarf að vera mjög há til að vega upp á móti rekstrarkostnaði, fjárfestingu og færslu á afskriftarreikning. Aðrir fjárfestingasjóðir eins og bæði EFA og ISHUG færðu upp virði nýsköpunar- og srotafyrirtækja sinna þegar staðfest var herra gengi hlutabréfa í viðskiptum en nam kaupverði þeirra sjálfra. Slikar aðgerðir hjálpa við að halda uppi eigin fé en


Nýsköpunarsjóður hefur ekki talið sér fært að nálgast eignamat fyrirtækja í eignasafni öðruvísi en með ströngustu matsaðferðum við uppgjör.

Markmið lagabreytinganna

Nýsköpunarsjóður hefur óskað eftir því að stutt verði við eignfjárstöðu hans með því að láta framtakssjóðina renna inn í Stofnsjóð. Þetta er gert til þess að sjóðurinn verði á ný sá öflugi fjárfestingssjóður sem hann hefur verið hingað til og geti haldið áfram að stuðla að þróun og vexti íslensks áhættufjárfestingamarkaðar. Verði þetta gert getur sjóðurinn tekist á við það verkefni að stuðla að myndun sjóðasjóða og draga þannig að áhættufé frá öðrum aðilum en ríkisvaldinu til fjárfestingar í ört vaxandi nýsköpunarfyrirtækjum. Einnig getur sjóðurinn hafið samningaviðræður við rekstraraðila framtakssjóðanna um að taka yfir rekstur þeirra strax í ljósi þess að þeir eru orðnir of litlir til að starfa sem sjálfstæðar hagkvæmar einingar. Framtakssjóðirnir hafa þegar farið fram á slíkar viðræður. Þetta tryggir að fjármagn framtakssjóðanna verður nýtt til áframhaldandi fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum í stað þess að renna í ríkissjóð.

Það er mikilvægt að þeir sem þetta lesa geri sér grein fyrir því að til þess að geta tekist á hendur það hlutverk að standa að þróun fjárfestingarmarkaðar með myndun sjóðasjóða þarf að efla sjóðinn og það er best gert með því að láta framtakssjóðina renna inn í Stofnsjóð. Einnig er mikilvægt að átta sig á því að aðgerðir til styrkingar eignfjárstöðu NSA eru forsenda þess að sjóðurinn hafi möguleika til að taka þátt í myndun sjóðasjóða.

Nýsköpunarsjóður staðsetur sig frammarlega



**Þróun eigin fjár
frá 31.12. 1999 til 31.12. 2003**

	31.12.1999	31.12.2000	31.12.2001	31.12.2002	31.12.2003	Lækkun
Stofnsjóður að teknu tilliti til styrkja	5.164.493.061	5.094.535.905	4.473.928.183	3.466.758.742	3.300.622.460	36,09%
Framtakssjóðir						
Landsbankinn Framtak	251.316.688	237.358.275	192.906.497	152.106.552	141.382.286	43,74%
Framtakssjóður EFA	260.268.703	253.153.335	247.462.991	169.138.935	164.541.387	36,78%
Fjárfestingafélag Vestmannaeyja ehf	252.784.774	173.316.849	149.808.487	142.086.669	122.517.968	51,53%
Fjárfestingafélag Austurlands ehf	251.177.123	186.559.492	123.350.462	129.591.303	121.201.043	51,75%
Framtakssjóðir samtals	1.015.547.288	850.387.951	713.528.437	592.923.459	549.642.684	45,95%

Stofnsjóður Nýsköpunarsjóðs

Fyrirtæki sem Nýsköpunarsjóður hefur fjárfest í frá 1998 til loka árs 2003

Nafn fyrirtækis	Staðsetning	Fjárfesting
Adsoft ehf	Reykjavík	1.500.000
AGR ehf	Reykjavík	12.123.600
Aldin hf	Húsavík	30.000.000
Alur álvinnsla	Reykjavesbær	8.577.000
Atferlisgr.Pattern Vision	Reykjavík	13.000.000
Auris	Hafnarfjörður	1.500.000
Bergspá ehf	Reykjavík	41.256.513
BioProsess A/S	Reykjanes/Svíþjóð	111.699.502
Bláa Lónið hf	Grindavík	103.823.475
Bonus-Ortho	Ólafsfjörður	14.368.750
Brunnar hf	Hafnarfjörður	40.000.000
CanAg Diagnostics	Svíþjóð	50.079.863
CryLab	Reykjavík	30.000.000
De Code	Reykjavík	37.368.360
Dimon Holdings	Reykjavík	15.000.000
DomesticSoft á Ísl.	Mosfellsbær	19.600.000
Element Skynjarat. Ehf	Sauðárkrókur	9.187.500
Enex hf	Reykjavík	12.000.000
Feyging ehf	Suðurland	5.647.800
Fjarhönnun ehf	Reykjavík	7.491.098
Flexilam Lda	Portúgal	71.396.401
SNS eignarhaldsfélag / Fogo Island Shrimp	Nýfundnaland	60.398.295
Foxhall ehf	Akranes	7.500.000
Framtíðartækni ehf	Reykjavík	45.000.000
GECA hf	Akranes	64.000.000
Giraffe ehf	Hafnarfjörður	4.950.000
Giobodent ehf	Akureyri	12.500.000
Hafmynd ehf	Reykjavík	71.915.561
Handtölvur ehf	Reykjavík	36.569.488
Hlýri ehf	Neskaupstaður	25.000.000
HSC hf	Reykjavík	200.000
Icelandic Green Polyol	Reykjavík	37.305.145
Ilsanta UAB	Litháen	87.986.750
In Orbit Inc	USA	50.790.000
IntelScan örbylgjut.	Reykjavík	19.330.000
InterSeafood.com	Vestmannaeyjar	12.000.000
Investments & Advice	Lettland	15.648.050
Ísgel ehf	Hvammstangi	2.346.614
Íshestar ehf	Hafnarfjörður	31.765.665
Ísl. Lífmassafélagið	Hafnarfjörður	9.635.337
Ísl.Franskt eidhús	Akranes	13.500.000
Ísl.Magnesíumfélagið	Njarðvík	950.000
Íslensk Fjallagrös hf	Húnavatnssýsla	1.750.000
Íslensk Nýsköpun ehf	Reykjavík	4.650.000
Kine ehf	Reykjavík	23.689.749
KK Lux	Frakkland	37.869.472
Kná hf	Patreksfjörður	11.000.000
Knowledge / ECP	Lettland	6.610.458
Landsteinar-Strengur	Reykjavík	62.845.445
Latibær hf	Reykjavík	33.499.248

LH Tækni ehf	Kópavogur	40.000.000
Lightspeed Games	USA	50.815.940
LífAfl ehf	Akureyri	21.471.207
Lífeind ehf	Reykjavík	12.500.000
Líftækni sjóðurinn hf.	Reykjavík	75.000.000
Lux Inflecta	Reykjavík	25.000.000
MarkMar	Reykjavík	3.650.000
Marsel ehf	Reykjavík	5.727.272
Máki hf	Sauðárkrókur	80.000.000
Menn og mýs ehf	Reykjavík	32.999.980
Metan hf	Reykjavík	5.000.000
Mótorís hf	Reykjavík	37.500.000
MT Bílar	Ólafsfjörður	18.000.000
Myllan - Carberrys	USA	79.478.159
Netverk hf	Reykjavík	59.749.525
Nikita	Reykjavík	41.500.160
Norðurís hf	Hornarfjörður	56.773.326
Norrænar myndir ehf	Reykjavík	31.551.440
Orkuhugbúnaður hf	Reykjavík	35.000.000
Oz hf	Reykjavík	35.833.271
Planodin ehf	Reykjavík	21.000.000
Plötur ehf, Thule Musik	Reykjavík	24.000.000
Poly-Ice Mexico	Mexico	17.920.000
Primex ehf	Síglufjörður	102.722.798
Reykjavík Clothing	Reykjavík	70.000.000
Reykjavík Collection	Reykjavík	10.000.000
Seaflower Whitefish	Namibía	59.086.934
Silverton AS	Noregur	71.152.634
Sindrabergh ehf	Ísafjörður	47.050.000
Sjávarleður hf	Sauðárkrókur	20.000.000
Skaginn hf	Akranes	67.845.351
Skelfiskur hf	Fíateyri	40.000.000
Softis hf	Reykjavík	5.250.000
Sprotasjóðurinn ehf	Reykjavík	50.983.365
Stjörnu - Oddi ehf	Reykjavík	40.000.000
Sæbyli hf	Vogar	66.573.263
Sægull ehf	Skagafjörður	500.000
Sögusafnið	Reykjavík	20.000.000
Tandelta	Reykjavík	2.000.000
Taugagreining hf	Reykjavík	5.574.870
Tölvumyndir ehf	Reykjavík	40.000.000
Tölvusamskipti hf	Reykjavík	1.600.000
Urður, Verðandi, Skuld	Reykjavík	171.569.695
Útgerðarfélagið Byr ehf	Vestmannaeyjar	62.833.333
Varmaraf hf	Reykjavík	40.000.000
Vesturfarasetrið	Hofsós	6.000.000
Vindorka hf	Akureyri	35.000.000
Vistorka hf	Reykjavík	52.200.000
Víkingar hf	Reykjavík	60.000.000
X-18 Fashion Group	Reykjavík	105.000.000
Zoom ehf	Reykjavík	34.506.000
Þetta er ehf	Reykjavík	5.000.000
Þórsbrunnur hf	Reykjavík	26.906.850

3.556.650.512

Framtakssjóðir

Framtakssjóðirnir fjórir hafa nú verið starfræktir frá því í nóvember 1999. Framtakssjóðnum er ætlað að stuðla að nýsköpun og atvinnuuppbyggingu með áherslu á landsbyggðina, einkum á sviði upplýsinga- og hátækni. Vörsluaðilar Framtakssjóðsins eru eftirfarandi:

- Fjárfestingafélag Austurlands hf. Rekstraraðili: Framtakssjóður Austurlands ehf. með sjóðsstjóra á Reyðarfirði í Fjarðabyggð.
- Landsbankinn – Framtak hf. Rekstraraðili: Landsbankinn – Framtakssjóður ehf. með sjóðsstjóra á Akureyri.
- Fjárfestingafélag Vestmannaeyja hf. Rekstraraðili: Fjárfestingafélag Suðurlands ehf. með sjóðsstjóra í Vestmannaeyjum.
- Framtakssamlag EFA. Rekstraraðili: EFA Framtak ehf. með sjóðsstjóra í Reykjavík.

Framtakssjóðir voru boðnir út 1999 í fjórum hlutum þ.e. 250 milljónir hver og þurftu þeir sem buðu að að leggja fram 125 milljónir á móti. Hver sjóður var því 375 milljónir í upphafi.

Stjórnir Framtakssjóðanna fjögurra hafa verið skipaðar fólki úr atvinnulífinu. Meðal þeirra sem setið hafa og sitja í stjórnnum þeirra eru:

Guðbrands Sigurðssonar fyrrverandi framkvæmdastjóra ÚA og Brims hf
Ormarr Örlygsson, framkvæmdastjóri Skinnaiðnaðar á Akureyri
Hörður Óskarsson, fjármálastjóri Ísfélags Vestmannaeyja
Björgólfur Jóhannsson, framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar
Jóhannes Siggeirsson, framkvæmdastjóri Sameinaða lífeyrissjóðsins
Sveinn Hannesson framkvæmdastjóri Samtaks iðnaðarins
Sigurður Sigurgeirsson, útibússtjóri LÍ Akureyri
Árni Blöndal, sjóðsstjóri KB-banka

**Áhættufjárfestingar Framtakssjóðanna og skörun þeirra innbyrðis
og við Nýsköpunarsjóð
Núverandi eignir**

		NSA	FTA	FFV	EFA	LFT	Alls
	Staðsetning						
Atferlisgreining ehf	Reykjavík	X				X	2
Bergspá ehf	Reykjavík	X				X	2
BonusOrtho hf	Ólafsfjörður	X	X		X		3
CCP hf	Reykjavík					X	1
DomesticSoft	Reykjavík	X				X	2
Fiskey hf	Eyjafljörður				X		1
Framtíðartækni hf	Reykjavík	X	X	X			3
Hvítserkur Interseafood	Vestmannaeyjar	X		X			2
Landmat hf	Reykjavík					X	1
LH-tækni ehf	Kópavogur	X				X	1
Lífeind hf	Reykjavík	X			X		2
Markmar ehf	Reykjavík	X	X	X	X		4
Nikita ehf	Reykjavík	X	X	X			3
Norðurís hf	Höfn Hornafirði	X		X	X		3
Orf Líftækni	Reykjavík				X		1
Prokaría hf	Reykjavík				X		1
Skrín ehf	Akureyri					X	1
Stofnfiskur hf	Akureyri					X	1
Sæbýli hf	Vogar, Vatnsleysuströnd	X	X	X			3
Veðvörur ehf (Betware)	Reykjavík					X	1
Vefur - Samskiptalausnir ehf	Selfoss/Reykjavík			X			1

NSA er Nýsköpunarsjóður

FTA er Fjárfestingafélag Austurlands

FFV er Fjárfestingafélag Vestmannaeyja

EFA er Framtakssamlag EFA

LFT er Landsbankinn - Framtak hf